

## Fyrirspurn

til samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra um skólaakstur og malarvegi.

Frá Teiti Birni Einarssyni.

1. Hve margir grunnskólanemendur nýta sér skólaakstur og hvernig skiptast þeir á milli sveitarfélaga?
2. Hver er heildarkílómetrafjöldi daglegs skólaaksturs innan hvers sveitarfélags, hve stór hluti hans fer um malarvegi og hver er fjöldi einbreiðra brúa á akstursleið skólabifreiða í hverju sveitarfélagi?
3. Hafa verið kannaðar leiðir til að lækka framkvæmdakostnað við endurbætur á malarvegum, t.d. hvort unnt sé með einhverju móti að lækka kostnað við lagningu bundins slitlags og ef svo er, hvaða niðurstöðum hafa slíkar kannanir skilað?
4. Eru uppi áform um átak í endurbótum á malarvegum sem skólaakstur fer um?

Skriflegt svar óskast.